

B 317/vækst

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlun í vinnumálum 2018–2021

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hrindi af stað verkefnum innan ramma samstarfsáætlunarinnar í vinnumálum 2018–2021.

Aðdragandi

Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) hefur lagt drög að nýrri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2018–2021. Samstarfsáætlunin miðar að því að ákvarða stefnumótandi áherslu formlegs samstarfs norrænu ríkisstjórnanna í vinnumálum á tímabilinu 2018–2021.

Samstarfsáætlunin nær yfir svið atvinnu, vinnumarkaðar, vinnuumhverfis og vinnuréttar. Samstarfsáætlunin á að styðja við vinnu Norðurlandanna og efla norrænt samstarf á þessum sviðum. Samstarfið mun í miklum mæli beinast að gerð úttekta, greininga og umræðu um það sem er líkt og ólíkt í aðgerðum og niðurstöðum Norðurlandanna varðandi sameiginleg viðfangsefni. Samstarfið á að gefa hugmyndir fyrir stefnumótun landanna, en líka tækifæri til að samræma sjónarmið, þar sem það telst viðeigandi og þegar það felur í sér norrænt notagildi. Nánar tiltekið á þeim sviðum þar sem löndin geta náð betri árangri saman en hvert í sínu horni.

Samstarfsáætlunin í vinnumálum fyrir tímabilið 2018–2021 bendir á nokkur helstu viðfangsefnin í vinnumálum og hvernig norrænt samstarf geti lagt sitt af mörkum til að bregðast við þeim.

Á tímabili áætlunarinnar mun samstarfið einkum beinast að fjórum áherslusviðum:

- Bætt jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfu vinnuafla og aukin atvinnuþátttaka, einkum meðal hópa sem standa höllum fæti.
- Efling góðs vinnuumhverfis á vinnustöðum fyrir bæði konur og karla, meðal annars með því að koma í veg fyrir atvinnutengda sjúkdóma og slys og eyða óviðunandi vinnuáðstæðum.



- Trygging góðs jafnvægis milli verndar launþega og sveigjanleika auk þess að varðveita norræna stefnu í vinnumálum með þrjá aðila á vinnumarkaði.
- Efling aðlögunar, jafnréttis og frjáls flæðis vinnuafis á norrænum vinnumarkaði.

Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) mun á tímabili áætlunarinnar einnig vinna stöðugt að auknu samstarfi um ESB-málefni og væntanlega löggjöf frá framkvæmdastjórn ESB. Samstarf við aðrar alþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóðavinnumálastofnunina (ILO) og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) verður einnig sett í forgang.

Sjónarmið nefndarinnar

Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni hefur í alls þrjú skipti gefist kostur á að leggja fram sjónarmið sín um væntanlega samstarfsáætlun. Við afgreiðslu nefndarinnar í júní 2017 setti nefndin fram óskir sem vörðuðu að hluta til færniþróun á vinnustöðum og vinnustaði sem vettvang náms, að hluta til tengingu félagslegra undirboða við brotastarfsemi og forvarnir gegn brotastarfsemi, en líka málið með að vinna gegn hlutastörfum sem ekki eru að eigin ósk og norrænt samstarf með tilliti til annarra alþjóðlegra stofnana, eins og til dæmis Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) meðal annars.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin fagnar því að Norræna ráðherranefndin hafi orðið við óskum nefndarinnar í þeirri samstarfsáætlun sem nú er lögð til. Á fundi sínum 20. september setti nefndin fram ósk um að ráðherranefndin lagfærði tillögu sína varðandi fáein atriði. Meðal annars taldi nefndin að orðalagið „svæði þar sem fólki fækkar“ ætti fremur að vera „svæði þar sem fólki á vinnufærum aldri fækkar“. Nefndin óskar einnig eftir vangaveltum um eða nánar skýrðum tengslum milli aukins frjáls flæðis vinnuafis og aukinnar aðlögunar flóttamanna, ekki síst í samhengi við þær aðlögunaraðgerðir sem eru ráðgerðar. Að teknu tilliti til þessa leggur Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún samþykki endanlega samstarfsáætlunina í vinnumálum 2018–2021 og hrandi af stað verkefnum innan ramma hennar.

Reykjavík, 20. september 2017

Arto Pirttilahti (cent)
Gunvor Eldegaard (A)
Hanna Halmeenpää (gröna)
Heidi Nordby Lunde (H)
Henrik Brodersen (DF)
Håkan Svenneling (V)
Juhana Vartiainen (saml)

Magni Arge (T)
Mikael Staffas (Lib)
Odd Omland (A)
Orla Hav (S)
Oskar J. Grimstad (FrP)
Pyry Niemi (S)